

**Nd.**

**583. Nefndarálit**

**[172. mál]**

um frv. til l. um landshöfn í Höfn í Hornafirði.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. nefndarinnar gat ekki fallizt á að samþ. frumvarpið og styðst þar meðal annars við umsögn vitamálastjóra um frv., sem prentuð er með nefndaráliti meiri hl. á þskj. 557, en þar er haldið fram, að samþykkt frumvarpsins mundi ekki verða til þess að flýta fyrir framkvæmdum við framhald hafnargerðarinnar.

Alþingi, 22. jan. 1953.

Pétur Ottesen,  
form.

Sigurður Ágústsson,  
frsm.